

Kaup Origo hf. á 70% hlut í Eldhafi ehf.

I. Málsmeðferð

1. Með bréfi, dags. 9. september 2021, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Origo hf. (hér eftir Origo), á 70% útgefins hlutafjár í Eldhafi ehf. (hér eftir Eldhaf). Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og viðauka I við reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Með tölvupósti, dags. 28. september 2021 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin hafi talist fullnægjandi.
2. Undir meðferð málsins veitti Samkeppniseftirlitið hagsmunaaðilum færi á því að koma að umsögnum vegna samrunans og áhrifa hans á samkeppni.¹ Átta umsagnir bárust um samrunann, aðrir hagsmunaaðilar skiluðu ekki umsögn. Verður hér á eftir vísað til þeirra umsagna sem bárust eftir því sem við á.

II. Samruninn

3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Origo á meirihluta útgefins hlutafjár í Eldhafi felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

4. Um samrunann segir í samrunaskrá að Origo, sem er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni, hafi skuldbundið sig til að kaupa meirihluta útgefins hlutafjár í félaginu Eldhafi, en starfsemi félagsins snýr að sölu á Apple tölvum, tölvutengdum búnaði og farsímum til neytenda.
5. Stærstu eigendur Origo eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, Birta lífeyrissjóður, Lífsverk lífeyrissjóður, Stapi lífeyrissjóður, Arion banki hf., Frigus II ehf., Akta Stokkur hs., Sjóvá – Almennar tryggingar hf. Samkvæmt heimasíðu Origo er fyrirtækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og er hlutverk félagsins að aðstoða viðskiptavinum að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðipækkingu starfsfólks og þjónustu. Í samrunaskrá segir að starfsemi Origo er snúið að sölu á tölvum og tölvutengdum búnaði til neytenda fari öll fram á Íslandi. Origo sé eigandi alls hlutfjár í Application Consulting Sweden Holding AB og Application Consulting Sweden AB. Origo er eigandi alls hlutfjár í félaginu Syndis ehf., 60% í

¹ Umsagnarbeiðni var send til eftirfarandi aðila: Macland, Elko, Epli, Heimkaup.is, Tölvulistinn, Costco, Síminn, Sýn, Nova, SRX, Opin Kerfi, Computer.is, Advania, Att.is, Tölvutækni og Kísildalur.



félaginu Unimaze ehf. auk þess sem Tölvutek ehf. er rekið sem dótturfélag í 80% eigu Origo. Loks var Origo eigandi alls hlutfjár í Tempo en þann 19. nóvember 2018 hafi félagið selt 55% hlut í því félagi. Origo er skráð félag á hlutabréfamarkaði Nasdaq Iceland.

6. Guðmundur Ómarsson er eigandi alls hlutfjár í Eldhafi. Guðmundur á að auki 25% hlut í félaginu Kaffiboozt ehf. og 50% hlut í Valdís Akureyri ehf. Eldhaf fer ekki með yfirráð yfir öðru félagi.
7. Í samrunaskrá segir að ávinningur samrunans er fyrst og fremst stærðarhagkvæmni sem gerir það að verkum að samrunaaðilar geta aukið samkeppni á markaðinum fyrir sölu á Apple vörum sem leiðir, skv. samrunaskrá, til lægra vöruverðs fyrir neytendur og aðra kaupendur. Að sögn samrunaaðila munu þeir leitast við að auka samkeppni á markaði fyrir sölu á Apple vörum, sem hingað til hefur að mestu leyti verið í höndum félagsins Skakkiturn ehf. (hér eftir Epli), sem hefur haft yfirburða markaðshlutdeild í sölu Apple vara, hvort sem um er að ræða tölvur og tölvutengdan búnað eða farsíma, hér á landi. Er það markmið samrunaaðila með kaupunum að veita megi öflugra samkeppnislegt aðhald á mörkuðum fyrir sölu á Apple vörum en þekkt hefur hér á landi.

2. Markaðir málsins og staða samrunaaðila á þeim

8. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.²

2.1. Mat samrunaaðila

9. Í samrunaskrá segir að Origo starfi á ýmsum sviðum upplýsingatækni og vörusölu á neytendamarkaði. Aðalstarfsemi félagsins felst í sölu neytendavöru, vélbúnaðar og tengdri þjónustu, þróun og sölu hugbúnaðar, ráðgjöf á sviði upplýsingatækni, sem og hýsingu, rekstri tölvukerfa og tengdri þjónustu. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2015 hafi Nýherji hf. (forveri Origo) verið talinn starfa á upplýsingatæknimarkaði. Með hliðsjón af því ætla samrunaaðilar að Origo starfi að sama skapi á upplýsingatæknimarkaði.
10. Í samrunaskrá segir jafnframt að Eldhaf starfi á markaði fyrir sölu á tölvum, tölvutengdum búnaði og farsímum, einkum frá framleiðandanum Apple.
11. Þá segir í samrunaskrá að báðir aðilar séu virkir í sölu og dreifingu á tölvum, tölvutengdum búnaði og farsímum. Hins vegar meta samrunaaðilar það svo að þeir starfi að takmörkuðu leyti á sama markaði þar sem að þeir telja sölu á annars vegar tölvum og tölvutengdum búnaði og hins vegar farsímum frá Apple sérstaka markaði sem ekki hafi nema að takmörkuðu leyti staðgöngu við markað fyrir sölu á annars vegar tölvum og tölvutengdum búnaði og hins vegar farsímum frá öðrum framleiðendum. Er það mat samrunaaðila að áhrif samrunans séu ekki þess eðlis að þörf sé á íhlutun Samkeppniseftirlitsins vegna hans á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.

Markaðir fyrir sölu á Apple tölvum og tölvutengdum búnaði og Apple farsímum

² Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni eða þjónustunni sjálfri og hvar hún er seld, s.s. opnunartíma verslana eða á hvaða tíma þjónusta er veitt.



12. Að mati samrunaaðila er sala á annars vegar tölvum og tölvutengdum búnaði frá Apple og hins vegar farsímum frá Apple hvor sinn markaðurinn, sem ekki hafi nema að takmörkuðu leyti staðgöngu við sölu á tölvum, tölvutengdum búnaði og farsímum frá öðrum framleiðendum.
13. Í samrunaskrá kemur fram að í andmælaskjali (e. *Statement of objections*) framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í máli er varðar Apple og App store hafi framkvæmdastjórnin tekið fram að tæki og hugbúnaður frá Apple myndi „lokað vistkerfi“ (e. „*closed ecosystem*“).³ Þá segði enn fremur að notendur tækja frá Apple séu mjög trúir vörumerkinu og skipti ekki auðveldlega. Þetta hafi líka ákveðinn hljómgrunn í markaðsskýrslu hollenska samkeppniseftirlitsins þar sem að þau meta svo að notendur Android stýrikerfa, sem finna má í farsímum frá ýmsum framleiðendum, og iOS stýrikerfa sem aðeins eru aðgengileg í farsímum frá Apple, séu ólíkir og að í raun megi líta á þá sem sitthvorn markaðinn.⁴
14. Í samrunaskrá er einnig tekið fram að borið hefur á að opinberir aðilar óski sérstaklega eftir tilboðum í búnað með Apple stýrikerfi í útboðum um vörukaup. Telja samrunaaðilar því að um sérstakan markað sé að ræða og að á núverandi tímamarki ríki lítil sem engin samkeppni á markaði þessara útboða sökum yfirburðarstöðu Eplis.

Markaður fyrir sölu á tölvum, tölvutengdum vörum og farsímum

15. Í samrunaskrá kemur fram að ef Samkeppniseftirlitið fellst ekki á það með samrunaaðilum að markaður fyrir sölu á Apple vörum sé sérstakur markaður telja samrunaaðilar viðkomandi markaði vera annars vegar markaður fyrir tölvur og tölvutengdan búnað og hins vegar markaður fyrir farsíma.
16. Telja samrunaaðilar að þrátt fyrir að Apple vörur verði ekki taldar hafa sérstöðu á markaðnum muni samruninn engu að síður ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni í för með sér. Þannig eykst markaðshlutdeild samrunaaðila að mjög takmörkuðu leyti á umræddum mörkuðum verði af samrunanum. Þá starfar fjöldi aðila á mörkuðum fyrir tölvur og tölvutengdan búnað og á markaði fyrir farsíma.

Landfræðilegur markaður málsins

17. Hvað varðar landfræðilegan markað segir í samrunaskrá að aðilarnir telja að Ísland í heild sinni sé viðkomandi landfræðilegi markaður. Hafi Samkeppniseftirlitið áður fallist á að landfræðilegur markaður sölu annarra raftækja en „hvítra“ heimilistækja sé allt Ísland, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2015. Þá segir í samrunaskrá að það sé mat samrunaaðila að alþjóðleg samkeppni í gegnum netverslanir veiti aðilum á markaðnum hér á landi umtalsvert samkeppnislegt aðhald og mögulega megi því skilgreina landfræðilegan markað málsins sem stærri en Ísland.

2.2. Sjónarmið hagsmunaaðila

18. Samkeppniseftirlitið hefur það hlutverk samkvæmt samkeppnislögum nr. 44/2005 að rannsaka samruna og ber því að leggja mat á það hvort samruni fyrirtækja raski samkeppni og skaði þar með hagsmuni almennings. Liður í slíkri rannsókn er að afla sjónarmiða fyrirtækja sem eftir atvikum eru keppinautar eða viðskiptavinir samrunaaðila.
19. Samkeppniseftirlitið óskaði því þann 17. september 2021 eftir því að félög á viðkomandi mörkuðum og/eða tengdum mörkuðum tjáðu sig almennt um efni umræddrar

³ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í máli nr. AT.40437, *Apple – App Store*.

⁴ The Netherlands Authority for Consumers & Markets: „*Market study into mobile app stores*“, bls. 52.



samrunatilkynningar varðandi markaðsskilgreiningar og stöðu aðila á viðkomandi mörkuðum. Eins hvort að félögin væru samsinnis lýsingu samrunaaðila á samkeppnislegum áhrifum á viðkomandi mörkuðum en ef ekki, hvaða áhrif félögin töldu að samruninn gæti haft á samkeppni á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á.

20. Samkeppniseftirlitinu bárust samtals átta umsagnir er vörðuðu fyrirhugaðann samruna, þar af voru tvær umsagnir bundnar trúnaði. Í umsögn frá [umsagnaraðila 1] kom fram að útilokað er að aðgreina markað fyrir sölu á Apple vörum og markað fyrir sölu á öðrum vörum. Það sama á við um að aðgreina sölu á tölvum og tölvutengdum búnaði til fyrirtækja og sölu til neytenda. Markaðurinn á Íslandi er lítill og taldi umsagnaraðilinn að Origo hafi markaðsráðandi stöðu. Þar af leiðandi hefði þessi samruni veruleg áhrif á samkeppnisstöðu aðila og ýti undir fákeppni. Taldi aðilinn að áætlun sú sem sett var fram um markaðshlutdeild keppinauta gæfi ranga mynd af markaðinum.
21. Í umsögn frá [umsagnaraðila 2] kom fram að þær upplýsingar sem fram komu í samrunaskránni gæfu kolranga mynd af markaðnum og jafnframt að enginn munur væri á Apple vörum og öðrum vörum sem hafa sama notagildi. Því eru Apple tölvur og PC tölvur að keppa á sama markaði. Hvatt er til þess að markaðshlutdeildir og önnur áhrif á markaði með tölvur og tölvutengda verði skoðaðar sem ein heild, óháð framleiðanda.
22. Aðrir umsagnaraðilar lögðust ekki gegn samrunanum en töldu að samþjöppun á meðal fyrirtækja á raftækjamaarkaðinum gæti valdið áhyggjum en að sama skapi taldi einn aðili að Apple tölvur og PC tölvur væru tveir mjög mismunandi flokkar og að samruninn myndi að öllu jöfnu auka samkeppni til hagsbóta fyrir Apple notendur.

2.3. Mat Samkeppniseftirlitsins

23. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Markaðir fyrir sölu á Apple tölvum og tölvutengdum búnaði og Apple farsímum

24. Samkeppniseftirlitið hefur, með tilliti til þess er fram kemur í samrunaskrá, m.a. skoðað fordæmi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er varða markaðsskilgreiningar innan umræddra markaða.
25. Meta verður staðgöngu milli vara þegar skilgreina á markaði. Slíkt mat getur ekki einungis einskorðast við hlutlæg einkenni viðeigandi vara og þjónustu, heldur verður að taka tillit til samkeppnisskilyrða á markaði og samspils milli framboðs og eftirspurnar. Þegar kemur að skilgreiningu vörumarkaða, líta samkeppnisyfirvöld til þriggja megin þátta þegar kemur að því að meta samkeppnislegt aðhald á mörkuðum, þ.e. hvort að eftirspurnarstaðganga, framboðsstaðganga og möguleg samkeppni eru til staðar.⁵
26. Í hinu svokallaða *Google Android*⁶ máli segir framkvæmdastjórnin, að út frá hagfræðilegum sjónarmiðum, er eftirspurnarstaðganga á markaðnum það sem veitir aðilum á markaði hvað skilvirkasta (e. *effectiveness*) og tafarlausasta (e. *immediacy*) aðhaldið. Þegar litið er til framboðsstaðgöngu er hún einnig sterkur mælikvarði, hvað varðar skilgreiningu vörumarkaða, í

⁵ Sjá t.d. 13. mgr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er varðar skilgreiningar á viðeigandi mörkuðum, 9. desember 1997.

⁶ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í máli AT.40099, *Google Android*, 18. júlí 2018.



þeim tilvikum sem að staðganga á framboði hefur sömu áhrif hvað varðar aðhald og eftirspurnarstaðganga. Samkvæmt framkvæmdastjórninni á þetta við þegar framboðsstaðganga hefur sambærileg áhrif og eftirspurnarstaðganga m.t.t. skilvirkni og tafarleysi. Þetta felur í sér að framleiðendur geti færð framleiðslu sína í viðkomandi vörur og markaðssett þær innan skamms tíma, án þess að verða fyrir verulegum viðbótarkostnaði eða áhættu, vegna minniháttar og varanlegum breytingum á hlutfallsverðum. Þegar þessum skilyrðum er fullnægt, leiðir framkvæmdastjórnin líkur að því að framboðsstaðgangann veiti aðhald sem hefur agaáhrif á samkeppnishegðun hlutaðeigandi fyrirtækja.

27. Framkvæmdastjórnin kemst þannig að þeirri niðurstöðu að stýrikerfi sem ekki er hægt að öðlast leyfi fyrir (e. *non-licensable smart mobile OS*), svo sem Apple og BlackBerry, eru ekki á sama vörumarkaði og önnur stýrikerfi sem selja leyfi til þriðja aðila (e. *licensable smart mobile OS*). Framkvæmdastjórnin tekur í málinu tillit til þess að aðrir framleiðendur geti verið í samkeppni við Apple og BlackBerry en að það sé ekki jafnaðarmerki á milli samkeppnislegs aðhalds og staðgöngu vara. Þar með hefur það ekki áhrif á skilgreiningu vörumarkaðarins í þessu tilliti en segir aðeins til um þær óbeinu samkeppnislegu skorður sem aðilum á markaði eru settar.
28. Samkeppniseftirlitið leiðir því líkur að því að það sé mögulega um sérstaka markaði fyrir Apple vörur að ræða þegar litið er til niðurstöðu framkvæmdastjórnarinnar í *Google Android* málinu. Þó ber að líta til þess að í því máli var smásala á tölvum og tölvutengdum búnaði ekki til skoðunar. Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins tekur Samkeppniseftirlitið þó ekki endanlega afstöðu til þess hvort að skilgreina eigi sérstakan markað fyrir Apple vörur. Er þetta með tilliti til þess að markaðshlutdeild samrunaaðila skarast að óverulegu leyti en Origo hefur að mjög takmörkuðu mæli selt Apple vörur.
29. Þegar litið er til vörumarkaðs fyrir tölvur og tölvutengdan búnað og farsíma óháð framleiðenda er það einnig mat Samkeppniseftirlitsins að óháð hvernig markaðarnir eru skilgreindir, hvort sem er út frá einum heildarmarkaði eða sem aðgreindum mörkuðum fyrir sölu til neytenda annars vegar og fyrirtækja hins vegar gætir samþjöppunar aðeins að takmörkuðu leyti. Þetta er sökum þess að Eldhaf selur að mestu leyti Apple vörur en Origo vörur frá öðrum framleiðendum. Auk þess liggur fyrir að velta Eldhafs á umræddum mörkuðum er takmörkuð. Jafnframt er það álit Samkeppniseftirlitsins að ekki er tilefni til þess að taka endanlega afstöðu til þess hvort að skilgreina eigi sérstakan markað fyrir sölu á tölvum og tölvutengdum búnaði til neytenda annars vegar og fyrirtækja hins vegar né sérstökum mörkuðum er varða sölu á farsímum til neytenda annars vegar og fyrirtækja hins vegar.

Markaðshlutdeildir samrunaaðila og keppinauta

30. Tilgangur þess að meta markaðshlutdeild á skilgreindum mörkuðum í samrunamálum er að auðvelda mat á því hvort samruni muni leiða til skaða fyrir neytendur og tjóns fyrir samfélagið. Slíkt tjón getur meðal annars átt sér stað vegna þess að samrunaaðilar nýti sér aukinn efnahagslegan styrkleika eftir samruna til að hækka verð eða eftir atvikum til að draga úr gæðum vöruframleiðslu eða þjónustu til að minnka kostnað. Mat á markaðshlutdeild er jafnan hluti af mati á aðstæðum á mörkuðum og er markaðshlutdeild eitt þeirra atriða sem gefur vísbindingu um efnahagslegan styrkleika. Við mat á því hvort að tiltekin markaðshlutdeild beri vott um skaðlega samþjöppun þarf jafnan að horfa til ýmissa annarra eiginleika markaðarins og þeirra fyrirtækja sem um ræðir í viðkomandi máli.
31. Samanlögð hlutdeild samkvæmt mati samrunaaðila miðað við veltu árið 2020 á markaði fyrir sölu á tölvum og tölvutengdum búnaði er [20-25]% sé um að ræða víðari markaðsskilgreiningu (öll sala á tölvum og tölvutengdum búnaði), en sé um að ræða þrengri markaðsskilgreiningu, þar



sem markaðurinn er aðgreindur í markað fyrir sölu á tölvum og tölvutengdum búnaði frá Apple, er samanlögð hlutdeild þeirra annars vegar [0-5]%. Samanlögð hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir sölu á farsímum er [0-5]% sé um að ræða víðari markaðsskilgreiningu (öll sala á farsímum), en sé um að ræða þrengri markaðsskilgreiningu, þar sem markaðurinn er aðgreindur í markað fyrir sölu farsímum frá Apple, er samanlögð hlutdeild þeirra [0-5]%.

32. Samanburður á veltu fyrirtækja sem starfa á markaðnum bendir hvorki til þess að við samrunann myndist markaðsráðandi staða, né að hún styrkist. Þá eru ekki önnur atriði fyrir hendi sem benda til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti enda er samþjöppun vegna samrunans óveruleg. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru áhrif samrunans á markaði fyrir sölu á tölvum og tölvutengdum búnaði og markaði fyrir sölu á farsímum, með hugsanlegri aðgreiningu eftir framleiðendum, á Íslandi ekki slík að þau réttlæti íhlutun.

Landfræðilegur markaður málsins

33. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru vísbendingar um að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland en í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til afmörkun landfræðilegs markaðar málsins. Samkeppniseftirlitið telur ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til þess hversu mikið samkeppnislegt aðhald stafar af erlendum aðilum.

3. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

34. Líkt og áður segir ber við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.
35. Sá markaður sem samruninn hefur áhrif á er sala á tölvum og tölvutengdum búnaði og markaði fyrir sölu á farsímum, með hugsanlegri aðgreiningu eftir framleiðendum, á Íslandi. Samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum og sú samþjöppun sem af samrunanum leiðir gefur, að mati Samkeppniseftirlitsins, ekki tilefni til að telja samrunaaðila markaðsráðandi, eða ætla að þeir öðlist við samrunann nægilegan efnahagslegan styrkleika til þess að valda skaða fyrir neytendur og tjóni fyrir samfélagið.
36. Í því samhengi ber að líta til þess að aðrir aðilar eru starfandi á markaðnum fyrir sölu á tölvum og tölvutengdum búnaði sem hafa umtalsverða hlutdeild, s.s. Elko [10-15]%, Epli [15-20]% og Advania [10-15]% samkvæmt mati samrunaaðila. Á markaði fyrir sölu á farsímum eru aðrir aðilar starfandi sem einnig hafa umtalsverða hlutdeild, s.s. Nova [25-30]%, Síminn [20-25]%, Elko [10-15]% og Epli [10-15]% samkvæmt mati samrunaaðila. Ef tekið er sérstakt tillit til framleiðandans Apple hafa Epli [55-60]% og Elko [10-15]% einnig umtalsverða hlutdeild á markaðnum fyrir sölu á tölvum og tölvutengdum búnaði frá Apple samkvæmt mati samrunaaðila. Þegar tekið er tillit til markaðarins fyrir sölu á farsímum frá Apple hafa Epli [25-30]%, Nova [20-25]%, Síminn [15-20]% og Elko [10-15]% hlutdeild á markaðnum samkvæmt mati samrunaaðila.
37. Með vísan til framangreindar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.



Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

38. Að gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að kaup Origo hf. á 70% hlut í Eldhafi ehf. leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna.

III. Ákvörðunarorð

„Kaup Origo hf. á 70% hlut í Eldhafi ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Ásgeir Einarsson